

Kröfur þær sem hreppsnefnd kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveðrétti fyrir hverskonar samnings- og aðfaraveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins, eða þeim sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

#### 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000,00 nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rauðasandshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

3. febrúar 1982.

Nr. 33.

### S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 152 4. apríl 1975.

1. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn Bolungarvíkur skal skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

4. febrúar 1982.

Nr. 34.

### A U G L Ý S I N G

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps nr. 17 23. janúar 1963.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Rétt til fundarsetu á fundum hreppsnefndar eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra.

Breyting þessi sem samin er af hreppsnefnd Miðneshrepps og samþykkt af sýslunefnd Gullbringusýslu, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1982.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1982.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1982:

### Dorskur:

U.S. cent pr. lb. Cif.

4x14 m/r 5—8 oz .....	96,57
4x14 m/r 8—12 oz .....	97,23
4x14 m/r 12—16 oz .....	101,55
4x14 m/r 1—3 lbs. ....	102,88
1x35 m/r lausfr. 4—16 oz .....	101,88
1x35 m/r lausfr. 250—750 gr .....	103,22
4x14 r/l 8—12 oz .....	110,54
4x14 r/l 12—16 oz .....	113,20
4x14 r/l 1—3 lbs. ....	114,54
10x5 og 3x18 .....	157,43
5x8 og 6x8 hnakkast. ....	175,23
6x8 mið- og sporðst. ....	161,88
4x10, 5x10 og 6x10 .....	161,88
4x12 og 4x13 .....	157,43
4x15 og 1x20 .....	161,88
Blokk reg. ....	108,00
Blokk m/þunnildum .....	103,00
Blokk O.R. ....	97,20
Blokk m/beingarði .....	75,96
Þunnildablokk Evrópa .....	80,00
Marningsblokk .....	55,00

### Ýsa:

4x14 m/r 4—8 oz .....	89,57
4x14 m/r 8—12 oz .....	93,56
4x14 m/r 12—16 oz .....	95,56
4x14 m/r 1—3 lbs. ....	96,89
1x35 m/r lausfr. ....	111,87